

Ytra mat grunnskóla

Áslandsskóli

október 2018

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hafnarfjörð.

Höfundar: Sigríður Sigurðardóttir og Björg Jónsdóttir

© Menntamálastofnun, 2018.

ISBN 978-9979-0-2309-8

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Stjórnun og fagleg forysta	4
Nám og kennsla	5
Innra mat	5
Skólaprófill.....	6
Upplýsingar um Áslandsskóla	7
Niðurstöður	8
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	8
1.1 Faglegt samstarf og samræða	8
1.2 Samvirkni í stefnumótun	8
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	9
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	9
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	10
1.7 Leiðtogahæfni stórnenda og starfsmanna	10
Þáttur 2 – Nám og kennsla	13
2.1 Inntak og námskrá	13
2.2 Árangur náms	13
2.3 Gæði kennslu	16
2.4 Skipulag náms.....	17
2.5 Námsvitund	18
2.6 Ábyrgð og þátttaka	19
Þáttur 3 – Innra mat	21
3.1 Skipulag.....	21
3.2 Framkvæmd.....	21
3.3 Umbætur	21

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Áslandsskóla í Hafnarfirði sem fór fram á haustönn 2018. Teknir voru fyrir þrjú matsþættir, stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt stefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólanámskrá og stefnu sveitarfélags.
- Sýn og stefnu skólans eru gerð skil á heimasíðu.
- Agastefna skólans, SMT, var mjög sýnileg í vettvangsathugunum.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans og eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar.
- Unnið er með niðurstöður ytri prófa og kannana og aðgerðaáætlun gerð út frá niðurstöðunum.
- Stjórnendur og kennarar ræða nám og kennslu á árlegum stöðumatsfundum.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu og stjórnendur leggja í daglegu tali og frétttaflutningi áherslu á það jákvæða í starfinu.
- Árleg skólaþing eru haldin með nemendum.
- Starfsmenn eru ánægðir með stjórnun skólans samkvæmt könnun og starfsandi er góður.
- Starfsþróunarviðtöl eru árlega við alla starfsmenn og eru gagnleg að þeirra mati.
- Stjórnendur hvetja starfsmenn til heilsueflingar og veita til þess svigrúm.

Tækifæri til umbóta

- Huga að auknum faglegum stuðningi stjórnenda við kennara og m.a. að frekari ráðgjöf og leiðbeiningum til kennara til að nýta niðurstöður og gögn.
- Stjórnendur fylgist reglulega og markvisst með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Efla lýðræðisleg vinnubrögð og valddreifingu í samráði við starfsfólk og nemendur.
- Uppfæra þarf skólanámskrána (námsvísana) þannig að hún gefi rétta mynd af skólastarfinu og birta hana árlega á heimasíðu.
- Leita eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið og líta á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.
- Efla þarf samstarf foreldra og skóla og aðkomu foreldra að stefnumótun í samráði og samtali við foreldra.
- Gæta þess að skólareglur og viðurlög við þeim séu samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Kennarar hafa góða fagþekkingu og kennslufræðileg hæfni þeirra var sýnileg í vettvangsathugunum.
- Skólinn viðheldur og bætir stöðu sína í samskiptum og líðan nemenda í könnunum.
- Nám og námsaðstæður styðja almennt við sköpunarþörf nemenda.
- Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttum námsgögnum og nýta þau.
- Kennslustofur eru vel skipulagðar eftir ákveðnum gátlistum.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.
- Í vettvangsathugunum var góður vinnufriður í kennslustundum.
- Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Efla enn frekar fjölbreytni í kennsluháttum.
- Skrá markmið kennslu og verkefna í kennsluáætlanir og gera nemendum grein fyrir þeim.
- Koma enn betur til móts við námsþarfir allra nemenda, þar með talið bráðgerra nemenda.
- Auka og þjálfa markvissa samvinnu nemenda.
- Nýta upplýsinga- og samskiptatækni enn betur í kennslu í samræmi við stefnu skólans.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í náminu.
- Þjálfa nemendur markvisst í fjölbreyttum námsaðferðum og gefa þeim kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námstíl.
- Gefa nemendum aukin tækifæri til að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.
- Auka val nemenda í samræmi við kröfur aðalnámskrár.
- Skoða ferla og vinnubrög í eineltismálum og efla frímínútnagæslu.

Innra mat

Styrkleikar

- Fjallað er um helstu leiðir sem skólinn fer í innra mati í starfsáætlun.
- Gagnaöflun í innra mati er fjölbreytt og leitað er sjónarmiða allra hagsmunaaðila.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra matið.
- Sett eru fram markmið með innra mati, markmiðin sem meta á og árangursmarkmið fyrir kannanir Skólapúlsins.

Tækifæri til umbóta:

- Stofna matsteymi þar sem fulltrúar allra hagsmunahópa eiga sæti.
- Kynna niðurstöður í Skólapúlsi fyrir nemendum.
- Fjalla þarf um að hve miklu leyti markmiðum var náð, greina og setja fram styrkleika og tækifæri til umbóta og setja fram í greinargerð um innra mat.
- Vinna nákvæma umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta og tilgreina hvernig og hvenær á að meta árangur umbótaágerða.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í -samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	Grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	Gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	Rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum í flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Áslandsskóla

Áslandsskóli í Hafnarfirði tók til starfa árið 2001. Skólinn var einkarekinn fyrsta skólaárið en hefur síðan verið í rekstri Hafnarfjarðarbæjar.

Skólaheiti: Ég heiti því að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig. Ég vil leggja mig fram um að bera virðingu fyrir sjálfum/sjálfri mér og öðrum. SMT yfirheiti: Samvinna, ábyrgð, tillitssemi, traust.

Í skólanum eru 522 nemendur á haustönn 2018. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	55	35	52	50	62	46	65	49	58	50
Fjöldi bekkjardeilda	3	2	3	3	3	2	3	2	3	3

Nemendur af erlendum uppruna eru tíu. Tveir nemendur stunda nám á öðru skólastigi.

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska sem annað tungumál	0	0	3	0	0	0	1	0	2	1
Einstaklingsnámskrá	0	1	0	0	3	2	0	0	0	0
Sérkennsla og aðlagað námsefni	3	4	6	7	7	7	8	10	9	6

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0	0	0	0	0	3	3	6

Starfsmenn er 93, þar af eru stjórnendur fjórir. Kennarar eru 48, leiðbeinendur eru fjórir, allir leiðbeinendur eru í 100% starfi. Sérfræðingar eru þrír; námsráðgjafi, skólasálfræðingur og þroskþjálfari.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Faglegt samstarf og samræða	Samvirkni í stefnumótun	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-----------------------------	-------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans og eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar. Kennarar og starfsmenn í rýnihópum sögðust fá hvatningu til starfsþróunar og að almennt væri vel tekið í hugmyndir frá þeim um námskeið eða aðra starfsþróun. Kennarar í rýnihópi sögðu að skólastjóri hefði mikinn faglegan metnað og að hann væri opinn fyrir nýjungum. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins skólaárið 2017-2018 er fjöldi daga í símenntun í skólanum undfarið ár marktækt meiri en annarra þátttökuskóla.

Fagleg samræða fer að mestu fram á föstum fundum. Hjá skólastjóra kom fram að árlega eru haldnir svokallaðir stöðumatsfundir með kennarateymum þar sem rætt er um námsmat, markmið og áætlun um framhald.

Í viðtali við stjórnendur kom fram að rýnt er í niðurstöður ytri prófa og kannana og gerð aðgerðaáætlun um hvernig unnið er með nemendum í kjölfarið. Kennarar í rýnihópi sögðust þó vilja fá meiri leiðbeiningar og ráðgjöf til að nýta niðurstöður og gögn en þó væri styrkur að því hversu mikil þekking og reynsla væri innanhúss. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins var marktækur neikvæður munur á svörum kennara í Áslandsskóla og kennara í öðrum þátttökuskólum hvað faglegan stuðning skólastjóra við kennara varðar.

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins er marktækur neikvæður munur á Áslandsskóla og öðrum þátttökuskólaum hvað valdreifingu við ákvarðanatöku varðar. Hjá kennurum í rýnihópi kom fram að efla mætti lýðræðisleg vinnubrögð en þeir bentu jafnframt á nýleg dæmi sem ef til væru þó vísbendingar um aukna áherslu á slík vinnubrögð. Nemendur í rýnihópi nefndu skólaþing og lýðræðislega kosningu í nemendaráð sem dæmi um lýðræðisleg vinnubrögð í skólanum.

1.2 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt stefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólanámskrá og skólastefnu sveitarfélags. Sýn og stefna skólans er aðgengileg og henni eru gerð skil á heimasíðu. Stefna skólans varðandi agastjórnun, þar sem er SMT kerfið er notað, var mjög sýnileg á vettvangi þar sem samræmd viðbrögð við agastjórnun voru áberandi og nemendur þekktu þau.

Skólanámskrá er birt á heimasíðu í bekkjarnámskrám fyrir hvern árgang og eru námskráin og starfsáætlun skólans unnar samkvæmt ákveðnu verklagi sveitarfélags. Þegar matið hófst voru tveggja ára gamlar bekkjarnámskrár á heimasíðu sem hafa nú verið uppfærðar. Skólanámskrá uppfyllir að mestu viðmið aðalnámskrár, bekkjarnámskrár eru þó misvel unnar og uppfærðar.

Foreldrar í rýnihópi könnuðust ekki við að hafa komið að stefnumótun og í foreldrakönnun komu fram ábendingar um skort á samtali eða samstarfi við foreldra. Foreldrar koma að stefnumótun í gegnum skólaráð, formann foreldrafélags og foreldrakaffi að sögn stjórnenda og foreldrakaffi eru haldin tvisvar á ári. Skólaráð fundar reglulega og eru nemendur virkir þátttakendur í ráðinu. Hjá skólastjóra kom fram að í tengslum við SMT kerfið fer fram sérstök nemendaráni þar sem nemendur skoða hvað gengur vel og hvað má bæta. Skólaráð hefur ekki haldið opna fundi fyrir skólasamfélagið.

Stjórnendur leggja í daglegu tali og fréttáflutningi áherslu á það jákvæða í starfinu og sérstöðu skólans er haldið á lofti, en hún felst m.a. í vikulegum morgunstundum, dygðunum fjórum og SMT kerfinu.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Foreldrar í rýnihópi sögðu samskipti skóla og foreldrafélags vera góð og þar kom fram að auðvelt væri að leita til stjórnenda og starfsfólks ef á þyrfti að halda. Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið kom fram að um 35% þeirra sem svöruðu könnuninni voru frekar eða mjög ósammála því að skólinn leiti eftir sínum tillögum og hugmyndum, 42% segja hvorki né og um 23% voru sammála fullyrðingunni. Um 37% þeirra sem svöruðu könnuninni voru mjög eða frekar sammála því að ábendingar þeirra séu teknar til greina, tæp 45% segja hvorki né og um 18% eru því ósammála.

Foreldrar í rýnihópi töldu sig vel upplýsta um skólastarfið, almennt væri sagt frá jákvæðum viðburðum, vikulega bærisk tölvupóstur frá umsjónarkennurum á yngsta- og miðstigi og einnig er gefið út fréttabréf, Flórgoðinn.

Markviss samstarf er við önnur skólastig og í starfsáætlun er fjallað almennt um samstarf við leikskóla, framhaldsskóla og grenndarsamfélagið en nákvæm skráning á hvernig þeim samskiptum er ekki opinber.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 liggur ekki fyrir en gömul umbótaáætlun er í núgildandi starfsáætlun. Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til umbóta og unnið er að því að skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur.

Stjórnendur hafa aðkomu að umbótaverkefnum og hefur skólastjóri t.d. verið í forsvari fyrir tvö alþjóðleg samstarfsverkefni sem skólinn er þátttakandi í og deildarstjóri fyrir núvitundarverkefni sem hófst í fyrra.

Í starfsáætlun er farið yfir hvernig til tókst með ákveðin umbótaverkefni skólaárið 2017-2018 en ekki er tekið fram hvaðan þessi umbóta-/þróunarverkefni koma, t.d. hvort þau voru sett af stað vegna niðurstaða í innra mati skólans eða koma annars staðar frá. Kennarar í rýnihópi sögðu að betur mætti upplýsa um framgang sumra umbótaverkefna.

Símenntunaráætlun birtist í starfsáætlun og er hún í samræmi við stefnu skólans.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins skólaárið 2017-2018 er ánægja með stjórnun skólans marktækt hærri en annarra þátttökuskóla og það sama gildir um starfsánægju og starfsanda. Í rýnihópum og viðtölum var góður starfsandi nefndur sem einn helsti styrkleiki skólans og þátttakendur í rýnihópum

starfsmanna og kennara voru almennt sáttir við hvernig daglegt starf er skipulagt. Starfsmenn í rýnihópi töldu sig almennt vel upplýsta um starfið og nefndu vikulegan póst stjórnenda í því sambandi.

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið voru um 74% þeirra sem svöruðu sammála fullyrðingunni *skólanum er vel stjórnað*, rúm 15% segja hvorki né og rúm 11% eru henni ósammála.

Í skólanum starfar svokallað SÁTT-arteymi í tengslum við SMT kerfið sem tekur á erfiðum nemenda- og bekkjarmálum og fram kom í rýnihópum og viðtölum að ferlar um lausn ágreiningsmála hjá nemendum eru skýrir og virkir. Hjá stjórnendum kom fram að ágreiningsmál í starfsmannahópnum eru leyst ef þau koma upp en ekki væri til neitt sérstakt ferli um þau mál innanhúss.

SMT teymið sér um endurskoðun á skólareglum en bekkjarreglur eru settar fyrir hvern bekk fyrir sig. Hvorki nemendur eða foreldrar eiga sæti í SMT teyminu. Samkvæmt SMT kerfinu þurfa nemendur að vinna svokölluð uppbótarverkefni þegar þeir hafa fengið ákveðið marga stoppmiða. Þessi verkefni eiga að bæta fyrir brot á reglu og þau eiga að vera viðeigandi fyrir regluna. Sem dæmi um slík verkefni getur nemendi sem hefur ekki hendur og fætur hjá sér, eins og það er orðað, í frímínútum þurft að vera inni í frímínútum eða nemandi sem fær marga stoppmiða vegna tyggjónotkunar þurft að þrifa upp tyggjóklessur. Í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum stendur þegar fjallað er um viðbrögð við brotum á skólareglum: „*Óheimilt er að nota skráningarkerfi á þann hátt að uppsafnaðir refsipunktur leiði sjálfvirkt til agaviðbragða.*“ Uppsöfnun stoppmiða og uppbótarverkefni í kjölfarið virðist því brjóta gegn þessu ákvæði í reglugerðinni.

Heimasíða skólans þarfnast lagfæringar og hjá stjórnendum kom fram að sú vinna sé að hefjast.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur skipta með sér verkum, þeir funda vikulega og miðla upplýsingum sín á milli. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingu kennara eins og mögulega verður við komið.

Allir starfsmenn fara í starfsþróunarviðtöl einu sinni á ári og mikill meirihluti þátttakenda í starfsmannakönnun, eða rúm 88%, telur viðtölin vera gagnleg. Starfsmenn í rýnihópi sögðust hafa fengið kynningu á réttindum sínum og skyldum og að þeir væru vel upplýstir. Stjórnendur fylgjast ekki markvisst með námi og kennslu eða veita endurgjöf en það verkefni er á stefnuskránni.

Þrátt fyrir að í öllum rýnihópum og viðtölum kæmi fram að starfsandi væri góður komu fram ábendingar þess efnis að ef til vill þyrfti að gæta betur að jafnræði í samskiptum, þannig að eins væri komið fram við alla.

1.7 Leiðtogaþæfni stórnenda og starfsmanna

Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun og í viðtali við þá koma fram að þeir frá hvatningu frá hver öðrum til slíks. Stjórnendur fá faglega handleiðslu og kennarar í rýnihópi sögðust gjarnan vilja eiga kost á slíku. Unnið er að því að nýta betur mannauðinn og virkja leiðtoga innan hópsins til ábyrgðar meira en gert hefur verið.

Í starfsmannahandbók er listi yfir teymi en hann virðist ekki vera tæmandi og þar er ekki að finna nöfn þeirra sem eru í teyminum. Fram kom hjá skólastjóra að þar sem matsmenn komu snemma á

skólaárinu væri enn verið að vinna í þessum málum. Ekki er tekið saman á einn stað umfjöllun um teymi eða nefndir í starfsáætlun eða skólanámskrá en þessar upplýsingar má finna að hluta þegar fjallað er um ákveðan þætti starfsins.

Ýmislegt er gert innan skólans til að stuðla að heilsueflingu starfsmanna og góður matur var oft nefndur í rýnihópum sem einn af styrkleikum skólans. Þróunarverkefni í núvitund, nefnd sem hvetur til útivistar, þátttaka í Reykjavíkumaraþoni þar sem skólinn greiðir þátttökugjaldið, skipulagt hópefli haust og vor, afsláttur í sund og líkamsræktarstyrkur frá bænum voru meðal þeirra þátta sem nefndir voru sem framlag til heilsueflingar starfsmanna.

Í foreldrakönnun sem gerð var í tengslum við matið og í rýnihópi eldri nemenda voru settar fram ábendingar varðandi fyrirkomulags matartíma þar sem sem börnum sem ekki eru í mataráskrift var gert að borða annars staðar í húsinu en hinum. Þessi mál hafa nú verið leyst eins og fram kemur í bókun skólaráðs frá 26. október 2018 þannig að nemendur geta nú setið saman í hádeginu hvort sem þeir eru í mataráskrift eða koma með nesti.

Styrkleikar

- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans.
- Stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar.
- Árleg skólaþing eru haldin með nemendum.
- Unnið er með niðurstöður ytri prófa og kannana og aðgerðaáætlun gerð út frá niðurstöðunum.
- Stjórnendur og kennarar ræða nám og kennslu á árlegum stöðumatsfundum.
- Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt stefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólanámskrá og stefnu sveitarfélags.
- Sýn og stefnu er gerð skil á heimasíðu skólans.
- Agastefna skólans, SMT, var mjög sýnileg í vettvangsathugunum.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu.
- Stjórnendur leggja í daglegu tali og fréttáflutningi áherslu á það jákvæða í starfinu.
- Nemendur eru virkir þátttakendur í skólaráði.
- Foreldrar í rýnihópi töldu sig almennt vel upplýsta um skólastarfið.
- Stjórnendur eiga aðkomu að umbótaverkefnum.
- Starfsmenn eru ánægðir með stjórnun skólans samkvæmt könnun.
- Starfsandi er góður og starfsánægja mælist mikil í könnun.
- Stjórnendur skipta með sér verkum, funda reglulega og koma upplýsingum sín á milli.
- Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og mögulega verður við komið.
- Réttindi og skyldur starfsmanna eru skráðar og kynntar viðkomandi.
- Starfsþróunarviðtöl eru árlega við alla starfsmenn og eru gagnleg að þeirra mati.
- Stjórnendur sækja sér endurmenntun til að efla þá í starfi og fá faglega handleiðslu.
- Stjórnendur hvetja starfsmenn til heilsueflingar og veita til þess svigrúm.
- Almenn ánægja var með matinn í rýnihópum og viðtölum.

Tækifæri til umbóta

- Huga að auknum faglegum stuðningi stjórnenda við kennara og m.a. að frekari ráðgjöf og leiðbeiningum til kennara til að nýta niðurstöður og gögn.
- Efla lýðræðisleg vinnubrögð og valddreifingu í samráði við starfsfólk og nemendur.
- Birta skólanámskrá árlega á heimasíðu og gæta að samræmi og nákvæmni við gerð bekkjarnámskráa.
- Skólaráð haldi opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið minnst einu sinni á ári.
- Birta allar fundargerðir skólaráðs opinberlega.
- Efla þarf samstarf foreldra og skóla og aðkomu foreldra að stefnumótun í samráði og samtali við foreldra.
- Leita eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið og líta á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.
- Vinna umbótaáætlun út frá niðurstöðum innra mats og öðrum gögnum um skólastarfið.
- Skrá reglulega framgang allrar þróunarvinnu þannig að staða hennar sé öllum ljós.
- Klára að skrá allt verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur nemenda og gera opinbert.
- Huga mætti að því hvort eðlilegt væri að nemendur og foreldrar ættu sinn fulltrúa í SMT teymi skólans.
- Gæta þess að skólareglur og viðurlög við þeim séu samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur.
- Uppfæra og laga heimasíðu.
- Stjórnendur fylgist reglulega og markvisst með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Skrá verkefni og ábyrgðaraðila þeirra og gæta þess að upplýsingar um verkefni sem unnin eru séu réttar og uppfærðar.
- Gera móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Vinna verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Skrá samskipti við önnur skólastig og gera opinber.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Menntastefna Hafnarfjarðar, sem er frá árinu 2009, endurspeglast í skipulagi og starfi skólans og skólanámskrá sem er birt á heimasíðu. Markmið náms koma fram í skólanámskránni og þar eru stigvaxandi kröfur og samfella í náminu sýnileg í þeim köflum sem búið er að fullvinna. Grunnþættir menntunar koma fram í skólanámskránni í mörgum árgöngum sem og vinna með lykilhæfnina, en ekki er búið að fullvinna það á öllum stigum. Markmið námsins og námsaðlögun kemur fram í skólanámskránni og byggir á aðalnámskrá.

Áætlun um sérstakan stuðning við nemendur er í starfsáætlun skólans og í vettvangsathugunum mátti sjá að stuðningur við einstaka nemendur er fjölbreyttur, tekur til allra þátta í starfinu og fór að jafnaði fram í námsumhverfi bekkjarins. Sérkennsla fer fram í sérkennsluveri skólans sem kallast Snjallheimar. Samkvæmt rýnihópi skólastjórnenda eru gerðar einstaklingsnámskrár og vorskýrslur og einnig eru gerðar einstaklingsnámskrár er varða hegðun nemenda, sem kallast skólakort. Deildastjórar halda utan um þessa vinnu ásamt sérkennurum en ekki hefði tekist að ráða deildarstjóra sérkennslu.

2.2 Árangur náms

Í skólanámskránni koma fram upplýsingar um námsmat fyrir hverja námsgrein fyrir sig, viðmið og lykilhæfni þar sem námskráin hefur verið fullunnin. Reglulega er fylgst með árangri nemenda og unnið með niðurstöður námsmats til að auka framfarir, t.d. með hópaskiptingum.

Í Skólapúlseinum 2017-2018 kemur fram að nemendum líður vel í skólanum og niðurstöður varðandi líðan og samskipti hafa verið svipaðar frá ári til árs. Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið voru um 90% þeirra sem svöruðu sammála fullyrðingunni *barninu mínu líður vel í skólanum*. Fram kom í rýnihópi skólaráðs og í foreldrakönnun að taka megri betur á einelti. Í sömu könnun og í rýnihópi nemenda komu fram ábendingar um að efla mætti frímínútnagæslu og gæta þess að fylgst sé með á öllum svæðum.


Samræmd könnunarpróf

Árangur nemenda í samræmdum prófum má sjá hér að neðan. Í 4. bekk í íslensku og stærðfræði hefur árangurinn verið fyrir ofan meðaltal undanfarin ár og sömu sögu má segja um árangur í íslensku í 7. bekk en stærðfræðin hefur sveiflast til og var fyrir neðan meðaltal 2017. Árangur í 9. bekk var við meðaltal og í 10. hafa stærðfræðin og enskan verið fyrir ofan meðaltal þangað til 2017 en íslenskan hefur sveiflast meira.

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa (SKP) í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnarkvarði hefur alltaf sama


meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.

4. bekkur




Árangur í íslensku í 4. Bekk hefur verið um og yfir landsmeðaltali undanfarin ár nema 2016 þar sem hann var töluvert yfir. Þá var árangur í stærðfræði einnig umtalsvert yfir landsmeðaltali 2016 og þó nokkuð yfir 2014 og 2017.

7. bekkur




Árangur í bæði íslensku og stærðfræði í 7. Bekk hefur batnað frá því að hann var mikið undir landsmeðaltali 2013. Árangur í íslensku hefur síðan haldist stöðugur yfir meðaltali en árangur í stærðfræði fór ekki yfir meðaltal fyrr en 2015 og við síðustu mælingu 2017 fór hann aftur nokkuð undir meðaltal.

9. bekkur




Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda var við landsmeðaltali í metnum fögum en punktur fyrir íslensku sést ekki þar sem meðaltal íslensku og stærðfræði er það sama.


10. bekkur



Árangur nemenda 10. bekkjar í stærðfræði hefur verið nokkuð yfir meðaltali fyrir utan 2017 þegar hann fór rétt undir meðaltal. Árangur í ensku hefur verið í kringum landsmeðaltal en var þó nokkuð yfir 2013. Árangur í íslensku hefur verið nokkuð breytilegur milli ára en mæltist síðast undir meðaltali 2017.



Þegar árangri árganga í íslensku er fylgt eftir sést að hann helst nokkuð stöðugur í kringum landsmeðaltal nema árangur nemenda fæddra 2001 sem fer nokkuð mikið undir meðaltal í 7. bekk en fer svo aftur upp á við og var rétt undir meðaltali í 10. bekk.




Þegar árangri árganga í stærðfræði er fylgt eftir sést að það er tilhneiging hjá árgöngunum að árangur batni ef hann er við landsmeðaltal í 4. bekk en dali ef hann er vel yfir meðaltali. Nemendur í 2001 árgangi skera sig þó út hér líka þar sem þeir fara verulega undir meðaltal í 7. bekk en árangurinn batnar svo aftur og er rétt við meðaltal í 10. bekk.

2.3 Gæði kennslu

Menntastefna skólans er sett fram í skólanámskrá og á heimasíðu. Kennarar í rýnihópi nefndu Pals, læsi og söguramma þegar spurt var út í stefnu skólans í kennsluháttum, þeir töluðu um fjölbreytta kennsluhætti en að sennilega væri fjölbreytnin minnst á unglingastigi.

Matsmenn voru á vettvangi í 38 kennslustundum, hjá öllum bekkjum og langflestum kennurum skólans. Í vettvangsathugunum sýndu kennarar góða fagþekkingu á þeim námsviðum sem þeir kenna.

Góður vinnufriður var í nánast öllum kennslustundum og því tækifæri til að vinna á fjölbreyttan hátt með nemendum. Meirihluti kennslustundanna var fræðandi, eða 66%, 21% flokkuðust leiðbeinandi og 13% voru blandaðar.



Þær kennsluáætlanir sem voru sýnilegar á vettvangi tilgreindu viðfangsefni og námsefni en ekki markmið og í vettvangsathugunum var nemendum sjaldan gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda. Nemendur í rýnihópi töldu sig ekki alltaf fá nám við hæfi, það væri misjafnt hvort halda mætti áfram í námsefninu og að yfirleitt væru allir að vinna sama verkefnið.


Hjá kennurum í rýnihópi kom fram að hægt væri að gera betur þegar kemur að bráðgerum nemendum, að einhverju leyti væri komið til móts við ólíkar námsþarfir með hópaskiptingum og sumir nemendur tækju framhaldsskólaáfangi. Foreldrar sem svöruðu könnun í tengslum við matið töldu langflestir, um 85%, að barnið þeirra fengi hvatningu til að gera vel og nægar áskoranir í náminu. Í opnum spurningum komu þó fram ábendingar um að betur væri hægt að koma til móts við námslegar þarfir. Í rýnihópi kennara kom fram að námsmat væri fjölbreytt og aðlagað að aldri nemenda hverju sinni.

2.4 Skipulag náms

Kennara að bera sameiginlega ábyrgð á skipulegi náms og kennslu og fer sú vinna m.a. fram í árgangavinnu og á teymisfundum.

Á vettvangi sást að námsaðstæður eru almennt góðar, kennslustofur eru ríkulega búnar námsgögnum og útlit þeirra samræmt. Unninn hefur verið gátlisti yfir það sem á að vera í kennslurýmum og greinilegt var að unnið er eftir þeim lista. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að bæta þyrfti húsnæðið, það væri sprungið og að bagalegt væri að ekki væri íþróttahús við skólann. Á stundatöflu er gert ráð fyrir ferðum á milli í íþróttir og sund en á vettvangi sást að sá tími virðist ekki duga til, t.d. var íþróttatíminn sem fylgst var með of stuttur.

Í vettvangsathugunum sást að nemendur unnu mest einir, eða í 71% þeirra stunda sem metnar voru, samvinna var í 8% stundanna og blanda af þessu tvennu í 21% kennslustunda.



Gott bókasafn er í skólanum, auk tölvuvera en allir nemendur fá spjaldtölvu í 5.bekk til afnota út skólagönguna. Spjaldtölvur eru nýttar í skólanum og nemendum kennd forritun og Google Classroom notkun. Í rýnihópi kennara kemur engu að síður fram að gera mætti betur í spjaldtölvumálum og að kennarar þurfi frekari kennslu og fjölbreyttari námskeið til að ná betri tökum á tækninni. Nemendur og kennarar nýttu sér upplýsingatækni í um 24% þeirra kennslustunda sem metnar voru sem er yfir meðaltali metinna stunda í ytra mati.

Regluleg nemendasamtöl, þar sem rætt er um nám og líðan, hafa ekki verið í skólanum að sögn kennara í rýnihópi. Fram komu ábendingar í rýnihópi foreldra og í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið að heimanám væri í sumum tilfellum of mikið.

2.5 Námsvitund

Í vettvangsathugunum sýndu nemendur í Áslandsskóla námi sínu áhuga og voru virkir í kennslustundum. Nemendur og kennarar í rýnihópum sögðu að nemendur settu sér ekki markmið í náminu. Yngri nemendur töluðu þó um að stundum væru sett markmið á bekkjarfundum um hegðun. Eldri nemendur sögðust í sumum fögum fá áætlun þar sem þau gætu séð hvað ætti að vinna og einnig væri eitthvað inni á Mentor.

Í rýnihópum og viðtölum voru nefnd ýmis dæmi um fjölbreyttar námsaðferðir, s.s. morgunstundirnar, söguaðferðina á yngsta stigi, menningardaga, þemavinnu og samþættingu verkefna.

Í vettvangsathugunum var ekki algengt að nemendur hefðu val um viðfangsefni. Nemendur í unglingadeild eru með val í um 10 % námsins sem er undir viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár sem segir að nemendur í 8.-10. bekk eigi að hafa val í um fimmtungi námstímans.

Nemendur í rýnihópum könnuðust ekki við að meta eigið nám en nefndu próf, verkefni og hópverkefni þar sem nemendur meta stundum hvorn annan þegar spurt var um námsmat. Þeir voru sammála um að almennt hefðu þeir ekki mikið val um hvað eða hvernig þeir læra.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Á vettvangi sást að samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Samvinna og stuðningur virtist ríkja innan nemendahópsins. Hjá stjórnendum kom fram að að sjónarmiða nemenda er aflað m.a. á skólaþingum og á bekkjarfundum og nemendur í rýnihópum nefndu einnig skólaþing sem leið til að koma ábendingum á framfæri. Þau eru haldin einu sinni á ári og gátu nemendur nefnt dæmi um þætti sem voru framkvæmdir í framhaldinu, svo sem að fá rassapotur í frímínútum og að tekið hafi verið tillit til vilja þeirra varðandi matseðil skólans.

Skólapúlsinn er notaður til að leita sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum en einnig stendur til að gera rannsókn á vegum Núvitundarsetursins á tveggja ára fresti.

Styrkleikar

- Skólanámskrá endurspeglar menntastefnu sveitarfélagsins.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.
- Skólinn viðheldur og bætir stöðu sína í samskiptum og líðan nemenda í könnunum.
- Undanfarin ár hefur árangur nemenda skólans í samræmdum könnunarprófum að mestu verið um eða yfir landsmeðaltali í öllum árgöngum.
- Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg í vettvangsathugunum
- Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu.
- Nám og námsaðstæður styðja almennt við sköpunarþörf nemenda.
- Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttum námsgögnum og nýta þau.
- Kennslustofur eru vel skipulagðar eftir ákveðnum gátlistum.
- Kennarar hafa góða fagþekkingu.
- Í vettvangsathugunum var góður vinnufriður í kennslustundum.
- Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.
- Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra þarf skólanámskrána (námsvísana) þannig að hún gefi rétta mynd af skólastarfinu.
- Skoða ferla og vinnubrögðum í eineltismálum.
- Skoða og efla frímínútnagæslu.
- Efla enn frekar fjölbreyttni í kennsluháttum.
- Skrá markmið kennslu og verkefna í kennsluáætlanir og gera nemendum grein fyrir þeim.
- Koma enn betur til móts við námsþarfir allra nemenda, þar með talið bráðgerra nemenda.

- Skrá í kennsluáætlanir hvernig námsaðlögun er háttað og hvernig kennslan tekur mið af mati á stöðu nemenda.
- Auka samvinnu nemenda og þjálfa hana markvisst.
- Huga að reglulegum nemendasamtölum þar sem rætt er um nám og líðan.
- Nýta upplýsinga- og samskiptatækni enn betur í kennslu í samræmi við stefnu skólans.
- Huga að rýmri tíma til ferða í íþróttir og sund þannig að nemendur missi ekki námstíma.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í náminu.
- Þjálfa nemendur markvisst í fjölbreyttum námsaðferðum og gefa þeim kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námstíl.
- Gefa nemendum aukin tækifæri til að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.
- Auka val nemenda í samræmi við kröfur aðalnámskrár.
- Huga að fyrirkomulagi heimanáms í samráði við foreldra.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Í starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta starfið. Í Hafnarfirði var ákveðið eins og segir í starfsáætlun „að sameina ætti og þyrfti innra mat skóla, símenntun, umbætur og þróunarstarf í eina áætlun.“ Skólinn fylgir fyrirmælum sveitarfélags og setur fram allar upplýsingar um innra matið í starfsáætlun og þar eru einnig margs konar leiðbeiningar og upplýsingar um innra mat, bæði úr aðalnámskrá og frá sveitarfélaginu. Kaflinn er langur, dálítið erfiður yfirlestrar og sumt hefur ekki verið uppfært.

Markmið með innra mati og markmið sem metin eru eru sett fram í starfsáætlun. Jafnfram eru sett fram töluleg árangursviðmið fyrir kannanir Skólapúlssins.

Í kafla þar sem fjallað er um stöðu umbótaverkefna er fjallað um verkefni sem kallast *Lærdómsgöngur í yngri deild*. Þar var farið af stað með heimsóknir innanhúss þar sem kennarar kynntu starf sitt fyrir hver öðrum. Þó að ekki sé um eiginlegt mat gæti þetta verið vísir að einhverju meira og til stendur einmitt að stjórnendur meti kennslu, en farið var af stað með svokallaða stöðumatsfundi sem hluti af því verkefni á síðasta skólaári.

3.2 Framkvæmd

Innra mat skólans byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við að afla gagna. Kannanir Skólapúlssins eru lagðar fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra, SVÓT greiningar eru gerðar reglulega, gagna aflað í starfsmannaviðtölum og árangur nemenda í samræmdum prófum og lesskimunum greindur. Við öflun gagna er leitað sjónarmiða allra hagsmunahópa. Niðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki, skólaráði og foreldrum en fram kom hjá stjórnendum að niðurstöður hafa ekki verið kynnta fyrir nemendum sérstaklega.

Skólastjóri hefur borið hitann og þungann af innra mati skólans og ekkert matsteymi starfar við skólann. Því er erfitt um vik fyrir hagsmunaaðila að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd matsins. Innra mat er kynnt fyrir skólaráði.

3.3 Umbætur

Niðurstöður innra mats, það er að segja helstu niðurstöður úr Skólapúlssinum og niðurstöður úr prófum og könnunum eru settar fram í starfsáætlun og segja má að þar sé ígildi greinargerðar um innra mat. Niðurstöður eru ekki dregnar saman í styrkleika og tækifæri til umbóta og ekki er fjallað um að hve mikilu leyti markmið hafa náðst. Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 hefur ekki verið unnin.

Styrkleikar

- Fjallað er um helstu leiðir sem skólinn fer í innra mati í starfsáætlun.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra matið.

- Sett eru fram markmið með innra mati, markmiðin sem meta á og árangursmarkmið fyrir kannanir Skólapúlsins.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega.
- Gagnaöflun í innra mati er fjölbreytt og leitað er sjónarmiða allra hagsmunaaðila.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.

Tækifæri til umbóta

- Einfalda mætti umfjöllun um innra mat í starfsáætlun.
- Stofna matsteymi þar sem fulltrúar allra hagsmunahópa eiga sæti.
- Framkvæma áætlanir um frekari mat á námi og kennslu.
- Kynna niðurstöður í Skólapúlsi fyrir nemendum.
- Betur færi á því hafa sérstaka greinargerð um niðurstöður innra mats sem væri aðgengileg beint á heimasíðu.
- Fjalla þarf um að hve miklu leyti markmiðum var náð, greina og setja fram styrkleika og tækifæri til umbóta og setja fram í greinargerð um innra mat.
- Vinna nákvæma umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta og tilgreina hvernig og hvenær á að meta árangur umbótaaðgerða.